

Reykjavík, 11. desember 2019
R19110406
750

Til ofbeldisvarnarnefndar


Breytingar á verkefnisstjórn Saman gegn ofbeldi

Á síðustu misserum hefur ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar verið falin aukin ábyrgð. Ber nefndin m.a. ábyrgð á verkefnunum ***Öruggir skemmtistaðir*** og ***Raunverulegar stjörnur*** sem bæði eru samstarfsverkefni. ***Öruggir skemmtistaðir*** er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, SAF - Samtök ferðaþjónustunnar fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. ***Raunverulegar stjörnur*** er samstarfsverkefni Ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar, SAF - Samtök ferðaþjónustunnar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og miðast að því að sporna gegn vændi á hótelum og gististöðum í borginni.

Saman gegn ofbeldi er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins og Heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu. Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Borgarráð fól mannréttindaskrifstofu að sjá um verkefnið.

Það er mikilvægt að ofbeldisvarnarnefndin tengist einnig með skýrum hætti verkefninu ***Saman gegn ofbeldi*** til að tryggja gott upplýsingaflæði og samfellu í þeim verkefnum er lúta að ofbeldisvörnum. Til að tryggja þessa tengingu mun Heiða Björg Hilmsdóttir taki sæti mannréttindastjóra (undirritaðrar) en undirrituð verður varamáður hennar. Fulltrúi mannréttindaskrifstofu verður Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir.

Með þessum hætti næst góð tenging á milli verkefnisins og nefndarinnar væntanlega öllum til hagsbóta.



Anna Kristinsdóttir